



STARFSÁÆTLUN 2025 -2026

Leikskólinn Tröllaborg



Leikum saman og lærum

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Hagnýtar upplýsingar	6
Opnunartími Tröllaborgar	6
Skólahúsnæði.....	7
Tröllaborg Hofsósi	7
Tröllaborg Hólum	7
Viðhald 2025-2026	8
Fæðismál Tröllaborgar	11
Tímasetningar og samsetning matseðla (Hofsós/Hólar)	11
Starfsrammi Tröllaborgar	11
Aðlögun	13
Skráningardagar	13
Starfsmannahald	14
Skipurit.....	15
Starfsþróunarsamtöl.....	15
Símenntunaráætlun	16
Símenntunaráætlun fyrir veturinn 2025-2026	16
Áhersluatriði Tröllaborgar.....	17
Leikur.....	17
Heilsueflandi leikskóli	18
Umhverfismennt og útikennsla.....	19
Lestur – Lestur er börnum bestur.....	19
Tákn með tali	19
Stærðfræði.....	20

Félagsleg færni – lífsleikni – vinátta.....	21
Agastefna	21
Skapandi starf	22
Skólastarfið 2024-2025	22
Skólanámskrá	25
Endurskoðun skólanámskrár.....	25
Þroski og framfarir	26
TRAS	26
Mio.....	26
Matslisti Gerd Strand	26
Íslenski máhljóðamælirinn.....	27
Hljóm-2	27
Íslenski þroskalistinn	27
Smábarnalistinn.....	28
AAL – listi	28
Útikennsla/útinám	28
SMT	28
Læsi	29
Lubbastund	30
Stærðfræði.....	30
Vinátta	31
Vinátta - kennsluáætlun 2025-2026.....	31
Skapandi starf	32
Leikur.....	32
Samstarf leik- og grunnskóla.....	33

Samráðsfundir við skólaskipti	34
Sameiginlegir viðburðir	34
Fjölskyldusvið.....	34
Farsæld barna	35
Tengiliðir.....	35
Teymi barna	35
Foreldrasamstarf	36
Foreldraráð	36
Foreldrafundir.....	37
Foreldrasamtöl.....	37
Foreldrafélög	37
Mat foreldra	37
Sérstök verkefni	38
Heilsueflandi leikskóli	38
Vinátta	38
Innra mat – Hversu góður er leikskólinn okkar	38
Kannanir – Skólapúlsinn.....	40
Ýmsar áætlanir	41
Fylgiskjöl	41

Inngangur

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir *Aðalnámskrá leikskóla*. Leikskólar gera starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans t.d. skólahúsnæði, leikskólalóð, umhverfi leikskólans, barnafjölda, starfsmannahaldi, skóladagatali, endurmenntun og ýmsum verkfærum og matslistum sem notaðir eru. Gerð er áætlun um hvernig unnið er með börnunum, samstarfi við grunnskóla og foreldra. Áætlunin er því heildstætt yfirlit yfir starfið og sem því tengist og hefur áhrif á hvernig unnið er.

Í lok skólaársins förum við yfir og metum starfsáætlunina og það mat fylgir sjálfsmatsskýrslu leikskólans sem kemur út á hverju hausti. Eitt fylgiskjal fylgir starfsáætluninni; umsögn foreldraráð.

Hagnýtar upplýsingar

Heimilisföng og símanúmer

- Tröllaborg Hólum, 551 Sauðárkrókur
Sími: 453-5760
- Tröllaborg Hofsósi, Skólagötu 4, 565 Hofsós
Sími: 453-7333

Leikskólastjóri:

- Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir
Sími: 696-3869
Netfang: [trollaborg\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:trollaborg(hjá)skagafjordur.is)

Staðgengill leikskólastjóra

- Eyrún Berta Guðmundsdóttir
Netfang: [eyrunberta\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:eyrunberta(hjá)skagafjordur.is)

Deildarstjórar:

- Ásrún Leósdóttir, Barnaborg Hofsósi
Netfang: [asrunleos\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:asrunleos(hjá)skagafjordur.is)
- Christine Hellwig, Brúsabæ Hólum
Netfang: [christineh\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:christineh(hjá)skagafjordur.is)

Viðtalstímar: Viðtalstímar leikskólastjóra og deildarstjóra eru eftir samkomulagi.

Heimasíða Tröllaborgar: <http://trollaborg.skagafjordur.is>

Opnunartími Tröllaborgar

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur í tveimur byggðalögum. Opnunartíminn er mismunandi eftir deildum.

Á Hofsósi er opnunartíminn:

- frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

Á Hólum er opnunartíminn:

- frá kl. 07:45 til kl. 16:00.

Skólahúsnæði

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana austan Vatna og ráða einn leikskólastjóra. Leikskólinn fékk nafnið Tröllaborg. Hvor deild hefur þó haldið sínum sérkennum og nafni.

Tröllaborg Hofsósi

Tröllaborg á Hofsósi, áður Leikskólinn Barnaborg, var stofnaður árið 1981 af foreldrum leikskólabarna. Hofsóshreppur útvegaði húsnæði en foreldrar sáu um reksturinn fyrstu tvö árin. Þá tók Hofsóshreppur við rekstrinum þar til að Sveitarfélagið Skagafjörður tók við eftir sameiningu hreppanna árið 1999. Árið 1982 var húsnæðið við Suðurbraut 7 á Hofsósi tekið á leigu. Ári seinna keypti Hofsóshreppur húseignina og var leikskólinn þar út apríl 2017. Þegar leikskólinn opnaði eftir sumarfrí haustið 2016 var megn myglulykt í húsinu og kom þá í ljós að verulegur myglusveppur var í þaki hússins. Hafist var handa við að finna leikskólanum annað húsnæði og 1. maí 2017 flutti leikskólinn í Túngötu 10 og kaupir sveitarfélagið það ári síðar. Þann 22. desember 2021 flutti leikskólinn inn í nýja 20 barna byggingu við Skólagötu 4 sem er tengd grunnskólanum.

Tröllaborg Hólum

Tröllaborg á Hólum, áður Leikskólinn Brúsabær, hóf starfsemi sína haustið 1985. Leikskólinn var rekinn af foreldrum fyrstu árin en þá tók Hólahreppur við rekstrinum og kom Viðvíkurhreppur þar inn að hluta. Börnum á svæðinu fjölgaði ört og árið 1998 var ákveðið að Hóla- og Viðvíkurhreppur myndu standa saman að nýrri leikskólabyggingu. Ákveðið var að byggja við grunnskóla staðarins og samnýta mótuneyti og efla samvinnu við grunnskólann. Í janúar 1999 flutti leikskólinn í nýja húsnæðið sem er 112 m². Breytingar voru gerðar á grunnskólahúsnæðinu árið 2008 og rýmkað um fyrir leikskólanum. Þar er nú skrifstofa leikskólastjóra, fundarherbergi, ljósritunarrými og undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk. Grunnskólinn hætti starfsemi á Hólum vorið 2024.

Viðhald 2025-2026

Viðhaldslistinn í sjálfsmatsáætluninni er nokkuð langur listi en margt komið til framkvæmda á síðustu árum eins og sjá má í fyrri starfsáætlunum. Ekki má gleyma að það kemur oft eitthvað óvænt upp á sem þarf viðhalds strax og hefur gengið vel að fá það gert.

Í töflunni er að finna viðhaldslista fyrir leikskólahúsnæðið **Skólagötu 4 á Hofsósi** ásamt mati á hversu áriðandi er að leysa hvert atriði á listanum.

Viðhaldslisti - Hofsós	Ástæða	Mikilvægi
Gólfhitinn í nýja leikskólanum virkar alls ekki sem skyldi.	Hitastillar stemma ekki við gólfsvæðið sem þeir eru á.	2-Mikilvægt
Loftræstikerfi – þarf að opna fyrir túðurnar 2-4x í viku.	Lokast reglulega. Tengill búinn að skoða, held það þurfi að skipta um skynjara.	2-Mikilvægt
Vantar ljós fyrir ofan inngang að austan (tjaldst.megin).	Engin lýsing.	2-Mikilvægt
Frágangur á brunni á leikskólalóð. <i>Búið að laga einu sinni en brunnlok stendur enn uppúr.</i>	Grasið á brunnlokinu er farið af. Mjög auðvelt að færa lokið til þannig að brunnurinn opnist og börn falli niður.	1-Afar áriðandi
Rafmagns-/handstýrð opnun á 4 gluggum. Gluggar hátt uppi inn í WC starfsmanna, skáparými starfsmanna, geymslu og fyrir ofan brunaútgang innst á gangi.	Gluggarnir eru mjög ofarlega ca í 2 m hæð og ekki hægt að opna og loka nema stíga upp á stiga eða stól.	3-Þarf að fara í
Renna til að hengja upp þungar myndir á léttan vegg inn á deild.	Viljum ekki negla í sjónsteypuveggina né í léttu veggina. Frekar á fá rennu.	3-Þarf að fara í

Hækka neðri innréttingu inn á deild.	Of lág fyrir starfsfólk.	3-Þarf að fara í
Vaskurinn er of lágur fyrir elstu börnin en mátulegur fyrir yngstu börnin.	Elstu börnin þurfa að krjúpa við vaskinn til að vera í réttri hæð. Veit ekki hvað hægt er að gera í þessu.	2-Mikilvægt
Niðurfall í vaski inn á deild er enn með tregðu. ÞARF EITTHVAÐ ANNAD TIL AÐ ÞETTA VIRKI.	Safnast reglulega í það slím og kemur tregða. Búið að taka „bollann“ í burtu og sjá hvernig það kemur út. Svo var settur nýr. Þarf enn að hreinsa reglulega.	1-AFAR Mikilvægt
Festa gólflista inni í undirbúningsherbergi.	Eru lausir.	4-Getur beðið
Plötur í þurrkgrind fyrir myndlist.	Vantar að útbúa plötur í grindina. <i>Eigum til plastefni.</i>	2-Mikilvægt
Setja upp rúllugardínur inn í leikhorni.	Gardínur eru til á Hofsósi, bíða uppsetningar. Mikil sól og hitamyndun inn í rýminu.	2-Mikilvægt
Hækka hurðahúna inn í eldhús, geymslu, hvíld, og undirbúningsherbergi.	Hindra að börnin komist inn í þessi rými.	2-Mikilvægt
Þakrenna yfir hurð á útiskúr.	Rennur vatn og býr til klaka.	1-Afar mikilvægt
Snjóbræðslan enn ekki nógu virk inn á lóð. Hækka á henni.	Bræðir ekki snjóinn, hálkumyndandi inn á leiksvæði.	1-Afar mikilvægt

Í töflunni er að finna viðhaldslista fyrir leikskólahúsnaðið á **Hólum í Hjaltadal** ásamt mati á hversu áriðandi er að leysa hvert atriði á listanum.

Viðhaldslisti - Hólar	Ástæða	Mikilvægi
Vantar merkingu þar sem hvatt er til að hafa bifreiðar ekki í gangi.	Útblástur mengar – hugum að umhverfinu.	4-Getur beðið
Gluggar á vesturhlið leikskólahlutans þarf að skipta út (hliðin sem snýr að bílastæðum). <i>Verður farið í sumar 2026.</i>	Gluggakarmar fúnir, lekur inn um þá í miklum vatnsveðrum, erfitt að opna og loka opnanlegu fögin. Eftirlitsskýrsla HNV, 30.04.2025.	1-Afar mikilvægt
þarf að laga undir sullavask inn á deild.	Vaskurinn bungar upp í miðjunni þar sem niðurfallið er, alltaf vatn í hornunum m.t.t. þrifa.	4-Getur beðið
Skólahúsnæðið sjálft er ómerkt (m.t.t. aðkomu viðbragðsaðila).	Merkingar um hvar leikskóli er, öryggisatriði fyrir viðbragðsaðila.	2-Mikilvægt
Leiðarlýsing inn í eldhúsi þarf að færa EDA setja annað ljós á réttan stað.	Leiðarlýsing sést ekki, er á röngum stað. Sjá úttekt frá Brunavörnum Skagafjarðar 15.10.2025.	1-Afar áriðandi
MJÖG vond holræsalykt kemur upp úr holræsi fyrir framan úthurð leikskólans á Hólum. <i>Viðvarandi vandamál á vorin, sumrin og haustin.</i>	MJÖG vond lykt kemur upp úr holræsinu. Verður a.m.k. að kítta fyrir lokið því þetta er við inngang leikskólans þar sem börn og foreldrar koma inn OG inn á leiksvæði barna.	2-Mikilvægt
Neyðarlýsing inn á deild, inn í hvíld og í innra fataherbergi þarf að yfirfara og laga.	Neyðarlýsingin er alltaf logandi. Sjá úttekt frá Brunavörnum Skagafjarðar 15.10.2025.	2-Mikilvægt
Setja hækkun undir þvottavél og þurrkara inn í þvottahúsi (Námu).	Bæta vinnuaðstöðu.	2-Mikilvægt
þarf að mála inn í anddyri.	Almennt viðhald. Eftirlitsskýrsla HNV, 30.04.2025.	3-þarf að fara í

Fæðismál Tröllaborgar

Leikskólinn er rekinn í tveimur byggðakjörnum eru tvö mötuneyti. Börnin fá morgunmat, ávexti í millimál, hádegismat og hressingu seinnipartinn. Á báðum starfsstöðum er matur eldaður frá grunni og við gerð matseðils er farið eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og markmiðum manneldisráðs.

Tímasetningar og samsetning matseðla (Hofsós/Hólar)

- Kl.08:00-8:50/8:10-8:45 er morgunmatur. Í morgunmat fá börnin morgunkorn, hafragraut, súrmjólk, mjólk, rúsínur og lýsi.
- Um kl. 10:00 er ávaxtatími. Boðið upp á ávexti og grænmeti.
- Kl.11:30 er hádegismatur. Tvisvar í viku fá börnin fisk og tvisvar í viku kjötmáltíð. Einu sinni í viku er léttari máltíð. Það er misjafnt hvað er í boði t.d. skyr, mjólkurgrautur, kjötsúpa, fiskisúpa eða grænmetisbuff. Með máltíðinni er brauð, álegg og ávexti. Grænmeti er borið fram með öllum máltíðum.
- Kl.14:30/14:45 er nónhressing. Mjólk, brauðmeti og/eða hrökkkek með mismunandi áleggi, grænmeti og ávextir.

Starfsrammi Tröllaborgar

Starfið mótast af þeim börnum sem þar dvelja, aldri þeirra, þroska og þörfum. Frá 1. nóvember 2025 voru 17+14 börn í leikskólanum. Frá áramótum fór eitt barn í Birkilund af Tröllaborg á Hólum og annað barn fór mánuði seinna í Birkilund. Í janúar til mars 2026 komu inn fjögur börn á Hóla. Í töflunum hér að neðan má sjá barnafjölda og lengd dvalartíma frá 1. nóvember sl. Tafla 1 sýnir heildarfjölda og dvalartíma, töflur 2 og 3 sýna skiptingu milli deilda frá 1. nóvember 2025.

Tafla 1: Heildarfjöldi í Tröllaborg 2025-2026

fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móturmál	viðvera klst.							
						9	8	7	6	5	4	3	alls
2020	5	2	3	0	0	0	4	1	0	0	0	0	39
2021	7	3	4	2	0	0	5	2	0	0	0	0	54
2022	4	2	2	0	0	0	4	0	0	0	0	0	32
2023	7	5	2	0	2	0	7	0	0	0	0	0	56
2024	8	6	2	0	1	0	4	1	2	1	0	0	56
alls	31	18	13	2	3	0	24	4	2	1	0	0	237

*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 31 börn í 237 klukkustunda viðveru.

Tafla 2: Hofsóss 2025-2026

fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móturmál	viðvera í klst.						
						9	8	7	6	5	4	alls
2020	3	1	2	0	0	0	3	0	0	0	0	24
2021	4	1	3	1	0	0	2	2	0	0	0	30
2022	2	0	2	0	0	0	2	0	0	0	0	16
2023	4	0	4	0	1	0	4	0	0	0	0	32
2024	4	4	0	0	1	0	3	1	0	0	0	31
alls	17	6	11	1	1	0	14	3	0	0	0	133

*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 17 börn í 133 klukkustunda viðveru.

Tafla 3: Hólar 2025-2026

fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móturmál	viðvera í klst.							
						9	8	7	6	5	4	3	alls
2020	2	1	1	0	0	0	1	1	0	0	0	0	15
2021	3	2	1	1	0	0	3	0	0	0	0	0	24
2022	2	2	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	16
2023	3	1	2	0	1	0	3	0	0	0	0	0	24
2024	4	2	2	0	0	0	1	0	2	1	0	0	25
alls	14	8	6	1	1	0	10	1	2	1	0	0	104

*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 14 börn í 104 klukkustunda viðveru.

Aðlögun

Aðlögun barna er í flestum tilfellum í ágúst en getur verið allann ársins hring eftir aðstæðum nema í desember og júní. Misjafnt er hve mörg börn eru í aðlögun í einu, á Hólum ræðst það stundum af aðsókn nemenda í Háskólann á Hólum.

Aðlögun tekur yfirleitt tæpa viku og eru tímasetningar skipulagðar í samráði við foreldra. Ekki hefur verið mikið um að það sé flutningur milli deilda en hefur þó komið fyrir og fer þá sama aðlögunarferli í gang.

Skráningardagar

Í framhaldi af vinnu spretthóps árið 2024 um nýja nálgun í leikskólumálum í Skagafirði var ákveðið að taka upp sérstaka skráningardaga í leikskólunum. Skráningardagar eru dagar þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn mæti í leikskólann nema foreldrar skrái þau sérstaklega. Markmiðið með skráningardögum er að gefa foreldrum tækifæri til að lækka leikskólagjöld ef þeir geta haft börnin heima og til að starfsmenn geti í meira mæli nýtt styttingu vinnuvikunnar eða sumarorlof þessa daga. Ákveðið var að það yrðu 20 skráningardagar á skólaárinu og að þeir ættu að fylgja haust-, vetrar-, jóla- og páskaleyfi grunnskóla og vera á klemmudögum (þegar einn virkur dagur er á milli frídaga) þegar ekki er um skipulagsdag eða lokun vegna starfsmannafunda að ræða á sömu dögum í leikskólum. Sá fjöldi skráningardaga sem ekki kemst á slíka daga skal settur á aðra daga sem leikskólastjórar telja að geti hentað starfseminni eða að megi gera ráð fyrir að börn verði færri en venjulega. Foreldrar skulu skrá börn sín sérstaklega í leikskólann þessa daga með rafrænum hætti a.m.k. fjórum vikum áður en daginn ber upp. Leikskólastjórar ákveða hve langur fresturinn er. Greitt verður sérstaklega fyrir skráningardaga og skal fjárhæð ákveðin í gjaldskrá leikskóla.


Starfsmannahald

Þann 1. nóvember 2025 voru 13 starfsmenn í Tröllaborg; sex á Hofsósi, 4 á Hólum auk leikskólastjóra, einn í veikindaleyfi og einn í fæðingarorlofi.

Tafla 4: Tröllaborg veturinn 2025-2026

Starfsheiti	fjöldi	starfshlutfall	menntunarstig, fjöldi					
			Leik/grunnskólakennari	proskapjálfi	Önnur uppeldismenntun	Diplomanám	Leikskólaliði	Ófaglærðir
Leikskólastjóri	1	1	1	0	0	0	0	0
Leikskólakennari	5	4,095	5	0	0	0	0	0
Háskólamenntaður starfsmaður	1	0,5	0	0	1	0	0	0
Starfsmaður í leikskóla	5	4	0	0	0	0	0	4
Sérkennslustjóri/verkefnastjóri námsaðlögunar	0	0	0	0	0	0	0	0
Starfsmaður í eldhúsi/ræsting skrifst.	1	0,8	0	0	0	0	0	1
Starfsmaður í eldhúsi/starfsmaður í leikskóla	1	1	0	0	0	0	0	1
Skólaliði í almennri afleysingu	0	0	0	0	0	0	0	0
Annað	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	14	11,395	6	0	1	0	0	6

Skipurit



- **Leikskólastjóri** stjórnar daglegri starfsemi leikskólans og ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans.
- **Staðgengill leikskólastjóra** sinnir störfum leikskólastjóra ef hann er fjarverandi um lengri tíma.
- **Deildarstjóri** stjórnar daglegu starfi deildarinnar, vinnu að uppeldi og menntun barna og er faglegur leiðtogi fyrir starfsfólk og foreldra.
- **Leikskólakennari** vinnur að uppeldi og menntun barna, tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.
- **Leiðbeinandi** vinnur að uppeldi og menntun barna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.
- **Matráður** sér um matseld og útbýr matseðil fyrir mánuðinn í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sér einnig um innkaup.

Starfspróunarsamtöl

Að minnsta kosti einu sinni á ári fer starfsfólk í starfspróunarsamtal hjá leikskólastjóra. Þegar starfsfólk er boðað í viðtal fær það undirbúningsblað fyrir samtalið. Tilgangur samtalsins er að gefa starfsfólki og stjórnanda tækifæri til að ræða saman við þægilegar aðstæður um starfið, frammistöðu, framtíðina og um leið bæta samstarfið og auka starfsánægju.

Símenntunaráætlun

Á hverju hausti er gerð símenntunaráætlun fyrir starfsárið. Áætlunin er aðeins til viðmiðunar því starfsfólk fer oft á önnur námskeið sem ekki eru skráð í áætluninni. Fylgst er vel með námskeiðum og ráðstefnum sem eru í boði og allir hvattir til að nýta sér þau. Sveitarfélagið býður upp á margskonar námskeið í samvinnu við Farskólann og er starfsfólk sömuleiðis hvatt til að nýta sér þau námskeið.

Símenntunaráætlun fyrir veturinn 2025-2026

Bláir reitir tákna fræðslu á árinu. Gulir reitir tákna fræðslu eftir þörfum.

Símenntunaráætlun Tröllaborgar	Hve oft	Síðast	Áætlun	Hverjir
Andleg vellíðan í starfi	3. hvert ár	Fræðsludagur 2025	Heillaspor Ágúst 2026	allir
Barnavernd og tilkynningaskylda	3. hvert ár	2. jan. 2023	2. jan. 2025	allir
Verndarar barna	2. hvert ár	4. jan. 2021	2025-2026	allir
Brunaæfing - upprifjun	árlega	vor 2022	Haust 2025	allir
Brunaæfing með slökkvitæki	reglulega			allir
Flokkun - upprifjun	2. hvert ár	Átti að vera 2021 (Covid)	Regluleg upprifjun	allir
Gátlistar t.d. MIO, AEPS, Gerdstrand, HLJÓM, TRAS	eftir þörfum	Vor 2024	eftir þörfum	Leiksk.kennar i deildarstjórar
Hollusta og næring	3. hvert ár	Haust 2024	Vorönn 2025	Matráðar/allir
Tónlist í leikskólum	eftir þörfum		2. júní 2026	allir
Fræðsa frá RGR t.d. einhverfa	eftir þörfum	25. sept. 2024	eftir þörfum	allir
Daglegt starf, brúðuleikhús, söguskjóða,	eftir þörfum	Haustþing 2024	2. jan. 2025	allir
Hreyfing, útikennsla, umhverfisvitund	2. hvert ár	Námsferð til Helsinki apríl 2025	eftir þörfum	allir
Líkamsbeiting, vinnustellingar, vinnutækni	2. hvert ár	Haust 2024	2. jan. 2026	allir
Málörvun, máltaka, læsi, Tákn með tali, Pecs, LUBBI ofl.	eftir þörfum	Haustþing 2025	eftir þörfum	allir
Skyndihjálp	2. hvert ár	febrúar 2024	23. febr. 2026	allir

SMT-farið í einstök atriði, unnið með dæmi.	Árlega	Vor 2024	Haust 2026	allir
SMT - upprifjun	árlega	Haust 2024	Haust 2026	allir
Stærðfræði t.d. Numicon, einingakubbar	eftir þörfum		eftir þörfum	deildarstjórar
Vináttuverkefni	eftir þörfum	haust 2017	árlega kynnt sér nýtt efni	þeir sem vinna með það
Heimilisofbeldi oph.	2. hvert ár	Haust 2024	Haust 2026	allir
Fræðsluerindi um hegðun barna, triggera, Heillaspor	eftir þörfum	20. ágúst 2025	20. ágúst 2026	allir

Áhersluatriði Tröllaborgar

Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Kenningar Deweys og Vygotskys eru notaðar til grundvallar í starfi leikskólans. Dewey lagði áherslu á að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Vygotsky taldi nám eiga sér stað í félagslegu samhengi milli barns og einstaklings sem hefur meiri þekkingu. Tröllaborg er Heilsueflandi leikskóli og Vináttu leikskóli. Mikil áhersla er á að leikurinn fái notið sín í öllum sínum fjölbreytileika. Einnig er lögð áhersla á umhverfismennt, hreyfingu, næringu, geðrækt og félagslega færni með jákvæðni að leiðarljósi. Grunnþættirnir menntunar fléttast inn í allt starf leikskólans og í leik barna. Grunnþættirnir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, jafnrétti og sköpun.

Markmiðunum náum við með því að gefa góðan tíma til leikja og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið. Í minni hópum er unnið með sérstök viðfangsefni t.d. *Lubba* sem er málörvunarefni og *Numicon* stærðfræðikubba.

Leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna og ýtir undir félags- og tilfinningalega vellíðan þeirra. Samkvæmt 31. grein laga um Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) hafa öll börn rétt á að leika sér. Að leika sér er það sama og að læra að afla sér þekkingar og til að leikur geti verið helsta náms- og þroskaleið barna, þurfa börn að vera virkir þátttakendur í leik með öðrum

börnum. Leikur er þýðingarmikill fyrir fullgildi barna í leikskólanum í gegnum félagsleg samskipti, þátttöku og að tilheyra leikskólasamfélaginu. Hinn sjálfsprottni leikur barnsins er talinn leikur leikjanna. Í gegnum leikinn fá börnin meðal annars tækifæri til að:

- skapa leikinn úr eigin hugarheimi,
- taka ákvarðanir á eigin forsendum,
- leita lausna,
- endurspegla reynsluheim sinn,
- einbeita sér,
- fá útrás fyrir tilfinningar sínar,
- taka tillit til annarra,
- byggja upp sjálfstraust,
- þróa seiglu,
- æfa sjálfstjórn,
- öðlast samkennd og vináttu.

Í Tröllaborg er lögð mikil áhersla á leikinn og er mest öllu námi sem fram fer í leikskólanum fléttað inn í leikinn. Hugað er sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni. Í aðalnámskránni er lögð áhersla á að grunnþættir menntunar fléttist inn í allt starf leikskólans og þar með leik barna.

Heilsueflandi leikskóli

Haustið 2016 sótti Tröllaborg um til Embættis landlæknis að gerast „heilsueflandi leikskóli“ og vorum við tekin inn í verkefnið í byrjun nóvember 2016. Heilsueflandi leikskólum er ætlað að styðja við markvissa vinnu að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi

leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli nýttist okkur í Tröllaborg sem gott verkfæri til að vinna markvisst að heilsueflingu og flétta hana inn í daglegt starf leikskólans. Á þessu leikskólaári verður áfram lögð áhersla á hreyfingu. Eftir áramót tókum við fyrir tannheilsu.

Umhverfismennt og útikennsla

Í Tröllaborg hefur mikið verið lagt upp úr umhverfismennt. Við leggjum áherslu á að börnin læri um nærsamfélagið, gangi vel um umhverfið og læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og öllum hennar fjölbreytileika. Útikennsla er vikuleg á báðum starfsstöðvum.

Lestur – Lestur er börnum bestur

Haustið 2017 var gefin út lestrarstefna fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Slagorð lestrarstefnunnar er „Lestur er börnum bestur“. Lestrarstefnan var send inn á hvert heimili skólabarna í Skagafirði og má sjá hana í heild sinni [hér](#). Í leikskólanum Tröllaborg er unnið eftir lestrarstefnunni og lögð er mikil áhersla á bernskulæsi. Í leikskólanum er lestrarhvetjandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á sjónræna meðvitund barnanna um rituð tákni með því að hafa flesta hluti í umhverfinu merkta og í þeirra augnhæð. Börn læra að þekkja orðmyndir eins og nöfnin sín. Á báðum deildum er bókasafn sem börnin hafa aðgengi að. Starfsfólk leikskólans sækist eftir því að efla orðaforða barnanna í daglegu starfi. Verkefni og leikir sem notaðir eru í daglegu starfi eiga að hvetja börnin til að tjá sig með orðum, læra ný orð og setningar. Starfsfólk leggur áherslu á að vanda málfar sitt og vera þannig góð fyrirmynd. Lesturinn tengist inn í samstarfið við grunnskólann og er sérstaklega getið um það í kaflanum um samstarf skólastiganna.

Tákn með tali

Í Tröllaborg á Hólum stundum notuð tákn með tali með börnunum. Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við

mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Í TMT eru tákinn alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hverrar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Mikilvægt er að hafa það í huga að útfærsla tákna getur verið persónubundin og er í raun ekkert rétt eða rangt til í þeim efnum. TMT aðferðin er mikið notuð í leikskólum hér á landi og erlendis og nýtist ekki eingöngu málhömluðu barni heldur einnig börnum sem eru sein í gang hvað málþroska varðar sem og þeim sem koma frá öðru málumhverfi. Öll börn geta haft verulegt gagn af markvissu TMT –umhverfi.

Stærðfræði

Stærðfræði er mikilvægur þáttur í lífi okkar allra og leggjum við áherslu á ýmis konar bygginga-, flokkunar- og röðunarleiki til að efla stærðfræðilega hugsun. Við notum meðal annars stærðfræðikubba sem heita Numicon. Stærðfræðilega séð er Numicon samið til að hjálpa börnum að sjá tengsl milli talna með því að handleika og búa til tengsl milli mynda. Meginhugmyndin er að börn skilji og átti sig á að tölustafir eru ekki bara tákni sem eru sett niður á blað af einhverju handahófi heldur mynda þeir mjög skipulagt kerfi þar sem alls konar mynstur koma fyrir. Kubbarnir auðvelda nemendum að sjá mynstrið í stærðfræðinni, spá fyrir um og þannig uppgötva reglur. Rökhugsun styrkist og til dæmis er hægt að færa rök fyrir talningu hluta með því raða upp í Numicon mynstur. Þegar unnið er með kubba er til dæmis gott að átta sig á hvað er oddatala og hvaða tala er slétt þegar tölurnar eru handfjatlaðar sem Numicon kubbur. Þar að auki vinnur skólahópurinn með stærðfræðibók sem heitir *Sproti 1a*.

Einingakubbum sem byggja á stærðfræðihugtökum er einnig gefið gott rými í leiknum. Byrjað er að kynna grunnhugtök eins og hringur, þríhyrningur og ferhyrningur og síðan er byggt ofan á þekkingu barnanna eftir því sem þau eldast og þroskast. Í Tröllaborg fléttum við stærðfræðina inn í allt daglegt starf leikskólans. Stærðfræði fer einnig fram í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir eru hafðir sýnilegir í

umhverfi barnanna. Í útikennslunni eru gerðar mælingar, kannanir sem eru skráðar í súluritum og verkefni tengd formum og fjölda. Börnin eru hvött til að leysa stærðfræðiþrautir og átta sig á afstöðu hluta.

Félagsleg færni – lífsleikni – vinátta

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þar sem lífsleikni er færni til að takast á við lífið sjálft að þá höfum við í Tröllaborg valið að flétta lífsleiknina inn í daglega þætti leikskólastarfsins. Börnin læra fljótt að ákveðnar reglur gilda í leikskólanum og eru yfirleitt fljót að tileinka sér þær. Börn hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Nauðsynlegt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki. Besta leiðin til þess er að sýna þeim sjálfum virðingu.

Agastefna

Í mörg ár hefur Tröllaborg unnið markvisst með markmið SMT-skólafærni (Hafnafirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) til að skapa gott andrúmsloft í skólum með því að veita almennan jákvæðan stuðning við hegðun nemanda og að tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Nálgunin byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna nemendum fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Tröllaborg útskrifaðist sem sjálfstæður SMT leikskóli í mars 2015. Á [heimasíðunni](#) eru upplýsingar um SMT í Tröllaborg en síðustu misseri hefur ekki verið unnið markvisst eftir SMT heldur eru örfáar reglur enn í notkun og hrós sömuleiðis. Starfsfólk er að skoða hvaða agastefnu Tröllaborg ætlar að vera með í framtíðinni og ekki komin niðurstaða enn.

Skapandi starf

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Í Tröllaborg fá börnin nægan tíma til að byggja upp leiki þannig að hugmyndaflug þeirra fái notið sín. Þeim gefast tækifæri til að skapa sína eigin heima úr öllum þeim efnivið sem leikskólinn býður upp á. Einu sinni í viku er markvisst farið í skapandi starf tengt listum. Aðra daga fá þau nokkuð frjálsar hendur til ýmis sköpunar til dæmis í formi teikninga, byggingavinnu og sköpunar í leik. Starfsfólk reynir að finna leiðir til að hvetja börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.

Skólastarfið 2024-2025

Starfið í Tröllaborg er fjölbreytt og er megin markmiðið að öllum líði vel og fá notið sín á eigin forsendum. Á hverju vori er gert skóladagatal þar sem fram koma starfsdagar og helstu uppákomudagar leikskólanna, sjá í Karellen og heimasíðu leikskólans hér. Deildarstjórar gera kennsluáætlun þar sem fram kemur dagskipulagið og hvernig starfinu er skipt niður á hvern mánuð. Inn í þetta skipulag er svo fléttað ýmsum hefðum sem eru samofnar starfinu. Sérstök ársáætlun er gerð fyrir hvora deild þar sem allir helstu atburðir skólaársins eru settir inn.

Dagskipulagið á Hólum má sjá [hér](#).

Dagskipulagið á Hofsósi má sjá [hér](#).

Ársáætlun Brúsabær 2025-2026

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
9. -16. Aðlögun				1. Jóladagatal/ Jólaskreyting	13. Útikennsla hefst			Þemavika	4. – 8. Skólaheimsókn 5.ára barna	
	10.Útikennsla byrjar		Foreldraviðtöl	Piparkökubakstur	12. Hópastarf hefst	6. Dagur leikskólans	Foreldraviðtöl		12. Myndlistar- sýning	
	8. Dagur læsis	Föndra jólagjafir	16. Dagur íslenskrar tungu	Piparkökumálun	Búa til Þorra- kórónur	9. Búa til bolluvendi	Páskaföndur			
	Bókavika	Jól í skókassa		10. Útikennslu lýkur		18. Grímuball (5 ára á Hofsósi)			19. Útkennslu lýkur	
21. Hópastarf hefst	16. Dagur íslenskrar náttúru	Hrekkjavaka	17-20. Dansvika	12. Hópastarfi lýkur	19.-22. Dansvika/Sýning				22.Hópastarfi lýkur	
				19. Litli jól	23. Þorrablót				29. Útskrift	

Ársáætlun Barnaborgar 2025-2026

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
Grænn dagur	Gulur dagur	Bleikur dagur	Grár dagur	Hvítur dagur	Svartur- /vasaljósa- dagur	Rauður dagur	Fjólublár dagur	Brúnn dagur	Blár dagur	Appelsínugulur dagur
Aðlögun	Aðlögun	Jól í skókassa		Piparköku- bakstur	Þorra- kórónur	6. Dagur leikskólans – myndlistar-sýning	Páska- föndur		Skóla- hópur í Grunn- skóla	Útilista- dagur
				1. - 22. Jóladagatal	Þorrablót	Dans- kennsla			Vetrar- starfi lýkur	Hjóla- dagur
		Slátur- gerð	Jólas- kreyting/ jólafata- dagur	Piparköku- málun		Bollu- vendir	Tann- verndarvika	Vor- þema	Göngu- ferðir	Sápukúlu- dagur
Haust- þema	Vetrar- starf byrjar	Hrekkja- vökupartý	Dans- kennsla	Litlu Jólin		Öskudagur	Foreldra- samtöl		Útskrift skóla- hóps	Göngu- ferðir
samastarf við grunn- skólann hefst	Bókavika v. Dags læsis 8.sept	Foreldra- samtöl		Jóla- föndur		glitrandi dagur				

Skólanámskrá

Ný *Aðalnámskrá leikskóla* var gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 2011 og er gerð á grundvelli 13.gr. *Laga um leikskóla* nr. 90/2008. Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf. Haustið 2024 voru gerðar breytingar á köflum 7, 9 og 10 í aðalnámskránni en þær skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta meggi með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra.

Í aðalnámskránni kemur fram að hver og einn leikskóli skuli semja sína eigin skólanámskrá. Í skólanámskránni eiga helstu áherslatriði í starfsháttum og uppeldissýn leikskólans að koma fram, auk þeirra séreinkenna sem leikskólinn býr yfir.

Skólanámskráin er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Skólanámskráin:

- gerir leikskólastarfið sýnilegra,
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla,
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið,
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara,
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því,
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið,
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Skólanámskráin er öllum aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

Endurskoðun skólanámskrár

Skólanámskráin er endurskoðuð að lágmarki á tveggja til þriggja ára fresti. Skólaárin 2022-2024 var hún endurskoðuð og náðist ekki að klára þá vinnu. Stefnum við á að halda þeirri vegferð áfram og ásamt því að rýna í nýja handbók um leikinn. Nú eftir áramót 2026 kom út endurskoðuð Menntastefna Skagafjarðar og verður næsti skólavetur tekinn í að endurskoða skólanámskrá Tröllaborgar í takt við nýjar áherslur í menntun.

Þroski og framfarir

Leikskólakennarar leggja mat sitt á almennan þroska barnanna út frá þekkingu sinni, reynslu og viðmiðum við barnahópinn hverju sinni. Leikskólakennarar fylla út sérstakt eyðublað eftir því sem þroski og þekking barnsins eykst. Þannig er hægt að fylgjast með þroskaferli barnsins.

Til að stuðla enn frekar að faglegum og markvissum vinnubrögðum í leikskólanum eru notaðir matslistarnir TRAS, Mio og Gerd Strand ásamt skimununum Íslenski máhljóðamælirinn og Hljóm-2. Ef grunur er um þroskafrávik er notast við nánari greiningar:

- Íslenski þroskalistinn,
- Smábarnalistinn,
- AAL listinn.

Ef barn nær ekki viðmiðum í þessum athugunum er vísað til annarra sérfræðinga með samþykkis foreldra/forsjáraðila.

TRAS

TRAS er skráning á málþroska barna á leikskólaaldri. Barnið er metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að fimm ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er statt í málþroska á ákveðnum tímapunkti og hvernig málþroski þess þróast.

Mio

Skimunarefninu er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna í stærðfræði og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Skimunartækinu er ætlað að finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem undirbúningi fyrir stærðfræðináám. Að góðum grunni í stærðfræði býr barnið alla tíð. Barnið er metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan a.m.k. einu sinni á ári þar til listinn hefur verið fylltur út.

Matslisti Gerd Strand

Matslisti eftir *Gerd Strand* er huglægur matslisti sem tekur yfir:

- gróf- og fínhyfingar,
- hegðun,
- mál og tal,
- virkni,
- samskipti,
- þekkingu.

Með þessari könnun fæst skýrari mynd af stöðu barnsins sem styrkir stöðu þeirra í samvinnu við foreldra, samstarfsfólk og aðra sérfræðinga. Mats listinn er byggður upp með fjögurra ára „meðalnemanda“ í huga. Við fyllum þennan lista út í kringum fjögurra ára afmælisdag barnsins.

Íslenski máhljóðamælinn

Íslenski máhljóðamælinn er íslenskt skimunarpróf í spjaldtölvu sem metur framburð, hljóðkerfispætti og skiljanleika tals hjá öllum börnum frá tveggja ára aldri. Máhljóðamælinn gefur strax niðurstöður um stöðu í framburði og upplýsir hvaða máhljóð þarf að þjálf.

Hljóm-2

Hljóm-2 er athugun á hljóð- og málvitund barna og er lagt fyrir elsta árganginn í september/október. Með því að leggja fyrir börnin *Hljóm-2* prófið er hægt að finna fyrr út hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Þessi gögn fylgja svo barninu í grunnskólann og getur grunnskólinn þá strax farið að vinna með barninu.

Unnið er út frá niðurstöðum *Hljóms-2* í málrækt á skólaárinu og þá ekki bundið eingöngu við skólahóp heldur er farið alveg niður í tveggja ára börn og unnið með þá þætti sem ekki komu vel út á hljómprófinu.

Íslenski þroskalistinn

Ef grunur er um einhver þroskafrávik hjá barni eru foreldrar þess beðnir um að fylla út *Íslenska þroskalistann* sem tekur mið af mál- og hreyfiþroska barna. Leikskólakennari fer svo yfir listann og kynnir niðurstöður fyrir

foreldrum/forráðamönnum sem saman meta hvort frekari aðgerða sé þörf.
Íslenski þroskalistinn er fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára.

Smábarnalistinn

Ef grunur er um þroskafrávik hjá barni eru foreldrar þess beðnir um að fylla út *Íslenska smábarnalistann* sem tekur mið af mál- og hreyfiþroska barna. Leikskólakennari fer svo yfir listann og kynnir niðurstöður fyrir foreldrum/forráðamönnum sem saman meta hvort frekari aðgerða sé þörf. *Íslenski smábarnalistinn* er fyrir börn á aldrinum 15 - 38 mánaða.

AAL – listi

AAL- listinn var hannaður sem athugunarlisti fyrir starfsfólk leikskóla til að kanna atferli barna, ef áhyggjur eru fyrir hendi varðandi erfiðleika hjá börnum. Mælitækið gefur skipulega og hlutlæga lýsingu á atferli barna í þeim tilgangi að finna þau börn sem eru með tilfinningaleg vandamál og hegðunarerfiðleika svo hægt sé að veita þeim viðeigandi stuðning.

Útikennsla/útinám

Útikennsla er einu sinni í viku þar sem fjögurra og fimm ára börnin fara út í sitt nánasta umhverfi og vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast markmiðum úr skólanámskrá. Skipulag skólaársins:

- Á Hólum er útikennsla milli 13:00-14:00 á þriðjudögum.
- Á Hofsósi er útinám fyrir 4 og 5 ára börnin kl. 9:30-11:15 á miðvikudögum.

SMT

Leikskólinn Tröllaborg var sjálfstæður SMT-leikskóli. Sjálfstæðir SMT-leikskólar þurfa ekki utanaðkomandi aðstoð við utanumhald um kennslu reglna og skráningu á hegðunarfrávikum. Starfsfólk er að vinna í að endurhugsa agastefnu leikskólans en á meðan ekki komin ákvörðun, verður áfram unnið með það helsta úr SMT.

Læsi

Á skólaárinu ætlar leikskólinn Tröllaborg að halda áfram að efla undirbúning undir lestur. Starfsfólkið vinnur eftir kennsluáætlun fyrir „málhljóð vikunnar“. Þá eru bókstafir markvisst lagðir inn, einn til tveir á viku. Með þessu móti leitast leikskólinn við að efla áhuga barna á bókstöfum, hljóðum þeirra og innbyrðis tengslum. Við höfum tekið saman kennslugögn tengd læsi sem til eru og hefur auk þess verið keypt kennsluefni eins og stafakubbar og spil sem hægt er að nota til að auka hljóðkerfisvitund barna. Frá byrjun er unnið með þá þætti sem hafa hvað mest áhrif á forvitni barna um lestur og færni þeirra til lestrarnáms. Lesið er fyrir börnin á hverjum degi og hafa þau frjálsan aðgang að bókum og geta alltaf náð sér í bók að „lesa“. Starfsfólk leikskólans sækist eftir því að efla orðaforða barnanna í daglegu starfi leikskólans. Verkefni og leikir sem notaðir eru í daglegu amstri eiga að hvetja börnin til að tjá sig með orðum, læra ný orð og setningar. Hópastarf og samverustundir nýtast sérlega vel til þess, auk frjálsa leiksins þar sem börnin æfa sig í að nota það sem þau hafa gert.

Helstu leiðir sem farnar verða til að efla læsi eru að:

- Verkefni úr bókunum *Markviss málörvun*, *Lubbi finnur málbein og Ljáðu mér eyra*.
- Nota orðaleiki og leika sér með orð.
- Lesa bækur/sögur daglega fyrir börnin og ræða innihaldið.
- Nota söguteningana og söguspil til að þjálfa börnin í að búa til sögu.
- Hafa bækur aðgengilegar fyrir börnin.
- Æfa blýantsgrip og nemendur byrja að draga til stafs og skrifa nafn sitt.
- Flokka stafi og tengja há- og lágstaf.
- Nota tölvuforrit sem tengjast hljóðum og stöfum.
- Læra lög, vísur og þulur.
- Segja sögur, lesa fyrir börnin og syngja með þeim, en það er mikilvægt atriði í námi barna og skapar undirstöðu læsis.

Skriffæri eru aðgengileg á deildum og lögð áhersla á að börnin merki verkin sín. Skriffæri eru einnig notuð í frjálsum leik, þar sem börnin t.d. taka niður pöntun viðskiptavina eða skrá niður innkaupamiða í leik.

Sungið er daglega í leikskólanum. Í söngnum er æfður taktur, orðaforði og einnig eru orðatiltæki og málshættir ræddir. Söngurinn gefur einnig tækifæri til þess að æfa að klappa samstöfur og spá í orð sem ríma.

Lubbastund

Lubbastundir byggjast á bókinni *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Hvert máhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju máhljóði fylgir ákveðið lag og stutt saga þar sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Hverju máhljóði fylgir tákn og bókstafur sem við æfum okkur á hverju sinni. Síðan er unnið á fjölbreyttan hátt með tungumálið og tilheyrandi máhljóð. t.d. prenta stafinn út og börnin líma í, stafurinn bakaður, fönðrað eitthvað sem byrjar á stafnum, finna stafinn í „stafasalati“ og fleira í þeim dúr.

Stærðfræði

Í Tröllaborg leggjum við áherslu á ýmis konar bygginga-, flokkunar- og röðunarleiki til að efla stærðfræðilega hugsun. Við vinnum t.d. með *Numicon* kubba. Kubbarnir eru hannaðir með það í huga að:

- börn geti handleikið, rannsakað, tekið eftir og kannað ólíkar fyrirmyndir og mynstur,
- kenna börnum á markvissan hátt að tölur eru "meira" eða "minna" en aðrar tölur,
- börn læri að sjá tölur sem heildir,
- hjálpa börnum að "sjá" magn og koma því yfir í þekkjanleg mynstur,
- ýta undir skilning barna á talnagildum og að "sjá" tengslin á milli talna.

Kubbarnir eru notaðir í hópastarfi og frjálsum leik. Þar að auki vinnur skólahópurinn með námsefnið *Sproti 1a*. Í útikennslunni eru gerðar

mælingar, kannanir sem eru skráðar í súluritum og verkefni tengd formum og fjölda.

Vinátta

Við erum *Vináttu* leikskóli. Verkefnið byggir á fjórum grunngildum:

- **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.
- **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi hátterni annarra.
- **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér grunngildin og þau verði samofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsmenn leikskólans.

Vinátta - kennsluáætlun 2025-2026

Í vináttustundum er unnið með umhyggju; að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Börnin fara einu sinni í viku í vináttustund þar sem t.d. lesin er saga, þau ræða saman, fara í leiki eða nuddstund. Í fyrstu vináttustund haustsins kynnir Blær sig og ný börn fá litla vináttubangsann afhentan. Notað er námsefni sem tilheyrir vináttu ásamt öðru lífsleikni námsefni.

Umfram verkefni sem unnin eru í hverri viku verða hópverkefni, t.d. „Hér er húsið mitt“, þar sem fjallað er um nærumhverfi barna. Einnig gerum við sameiginleg listaverk til að styrkja samkennd og vináttu. Við grípum málefni líðandi stundar og nýtum þau í umræðum um vináttu og tengjum við samkennd, samlíðan og hjálpssemi.

Börn og starfsfólk taka þátt í *Jól í skókassa* sem felst í því að fá börn og fullorðna til að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

Skapandi starf

Einu sinni í viku fara öll börn leikskólans í skipulagðan myndlistatíma. Þar læra þau að nota allskonar efnivið til að skapa listaverk. Þar að auki hafa börnin daglega aðgang að pappír, skærum, litum og öðrum efnivið sem örvar þau til að skapa sín eigin listaverk eftir áhugasviði hvers og eins nemanda, hvenær sem er dagsins.

Við vinnum skipulega með alls konar kubba, t.d. kennum við börnunum að byggja eftir teikningu, búa til form og ýmislegt fleira. Við notum mikið legókubba, einingakubba, burstakubba, Mobilo og fleira. Einnig eflum við sögugerð meðal barnanna en þá læra þau að hver saga hefur upphaf, miðju og endi.

Danskennsla verður í leikskólanum í vetur, eitt námskeið á hvorri önn. Þriggja ára og eldri taka þátt í námskeiðinu og hafa foreldrafélögin borgað fyrir það. Danskennsla verður í húsnæði leikskólans á báðum starfsstöðum.

Leikur

Í Tröllaborg er lögð mikil áhersla á leikinn og mest allt nám sem fram fer í leikskólanum fléttast inn í leikinn. Hugað er sérlega vel að því að börnin fái næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum sínum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni. Hlutverkaleikur dafnar þegar börnin ná sér í hin ýmsu föt og búninga sem leikskólinn býður upp á. Börnin verða á svipstundu mömmur, pabbar, afar, ömmur, læknar, kennarar, prinsessur og bændur svo eitthvað sé nefnt. Þegar börnin byggja úr kubbum breytast þau í verkfræðinga, smiði, arkitekta og listamenn. Spil og púsl eru mikið notuð og einbeitingin eykst sem aldrei fyrr þegar þau glíma við þau verkefni.

Leikurinn blómstrar einnig úti en þar gefast önnur leiktækifæri. Eins og gefur að skilja breytast leikir barnanna eftir árstíðum. Meðan snjókallagerðin og að renna sér í brekkum stendur upp úr í leikjum barnanna á veturna þá rísa upp sandkastalar á sumrin með tilheyrandi sandkökum frá upprennandi bakarameisturum.

Það er sérstaklega hugað að því í Tröllaborg að börnunum sé gefinn góður og samfelldur tími til að leika sér og að skapa sem bestar og fjölbreyttastar leikaðstæður fyrir þau svo margvíslegur leikur fái notið sín. Þannig fá börnin tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka. Það sem skiptir mestu máli er að hvert barn fái að njóta sín í leik á eigin forsendum.

Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Markmiðið er að auðvelda börnunum að flytjast milli skólastiga og að nám og starf barnanna sé samfelld. Þetta bil er brúað með góðu samstarfi við Grunnskólann austan Vatna. Á Hofsósi eru leik- og grunnskólinn í sama húsnæði en börnum frá Hólum er keyrt í Hofsós til að taka þátt í sameiginlegum viðburðum og verkefnum. Kennarar á báðum skólastigum leggja metnað sinn í að hafa gott samstarf sín á milli.

Markmiðið með samstarfi milli skólastiganna er:

- Að skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- Að minnka bilið á milli skólastiga og auðvelda börnum að hefja nám á nýju skólastigi.
- Að nýta sérstöðu skólanna og umhverfis þeirra í samstarfinu.

Gerð hefur verið sérstök námskrá fyrir þetta samstarf og eru hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

Fimm ára börnin og grunnskólinn

Elstu börn leikskólans eru í skólahóp en í skólahópi er grunnskólagangan undirbúin. Skólahópurinn fer í heimsóknir í grunnskólann og tekur þátt í kennslustundum. Börnin á Hofsósi fara einnig í íþróttir einu sinni í viku með 1. bekk og lestrarstund með yngstu deild. Öll börn sem eru í skólahóp taka þátt í ýmsum uppákomum í grunnskólanum en nánara skipulag má sjá [hér](#).

Samráðsfundir við skólaskipti

Haldinn er skilafundur að vori eða í byrjun haustannar þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemanda áður en grunnskólaganga hefst. Skólastjórnendur leik- og grunnskóla eru ábyrgir fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjóri leikskólans og væntanlegur umsjónarkennari, sérkennslustjóri og einnig forráðamenn ef þurfa þykir. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

Sameiginlegir viðburðir

Tröllaborg og Grunnskólinn austan Vatna eru með ýmsum sameiginlegum viðburði yfir skólaárið eins og sjá má [hér](#).

Fjölskyldusvið

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskyldusvið Skagafjarðar og fræðslunefnd. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðipjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, uppeldis- og fjölskylduráðgjafa og sálfræðingi. Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem barni er vísað til sérfræðipjónustu fjölskyldusviðs. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólastjóra. Nánari upplýsingar um fjölskyldusvið, undir *skólar og börn*, sjá [hér](#). Starfsfólk getur sótt stuðning til sviðsstjóra fjölskyldusviðs eða til leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar.

Farsæld barna

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Tekið hafa í gildi [lög sem styðja við farsæld barna](#). Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð, á réttum tíma frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi. [Hér](#) má nálgast allar upplýsingar um farsæld barna í Skagafirði.

Tengiliðir

Öll börn og foreldrar hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Frá meðgöngu og fram að skólagöngu barns er tengiliður í heilsugæslu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður aðili sem er aðgengilegur börnum og foreldum í skólanum. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Þannig geta foreldrar og börn leitað til eins aðila sem hefur yfirsýn yfir allt þjónustukerfið.

Í Tröllaborg eru tveir tengiliðir:

Á Hofsós er Ásrún Leósdóttir deildarstjóri tengiliður.

Á Hólum er Eyrún B. Guðmundsdóttir leikskólakennari tengiliður.

Teymi barna

Teymi barna er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og fjölskyldusviðs Skagafjarðar. Teymið hefur það að markmiði að hafa yfirsýn yfir og samræma starfsemi þjónustustofnana í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Trúnaðarskylda gildir um öll mál sem unnin eru í samvinnu við sérfræðinga fjölskyldusviðs. Reglur um meðferð persónuupplýsinga gilda um öll þau gögn sem til verða við úrvinnslu einstakra mála.

Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Markmiðin með foreldrasamstarfi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna,
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans,
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans,
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Það er mikilvægt að fyrstu skrefin í upphafi leikskólagöngunnar takist vel því þá er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Leikskólinn gefur út [foreldrahandbók](#) og [skólanámskrá](#) til að auðvelda foreldrum að kynnast starfsemi leikskólans og má finna þær á heimasíðu Tröllaborgar. Foreldrar koma og taka þátt í ýmsum uppákomum í leikskólanum s.s. piparkökumálun og jólaskemmtun.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008, 11. grein. Um foreldraráð segir í lögum:

Í foreldraráði eiga samkvæmt lögum að sitja þrjár fulltrúar foreldra. Fámennum leikskóla eins og okkar er þó heimilt að sækja um undanþágu fyrir að hafa starfandi foreldraráð og höfum við tvo fulltrúa í ráðinu. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september eða október á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar (sbr. 2. mgr. 4. gr), um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Æskilegt er að fulltrúar í

foreldraráði séu af báðum byggðarkjörnum sem leikskólinn starfar í, sjá nánar [hér](#).

Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast náið með því starfi sem fram fer í leikskólanum, koma hugmyndum á framfæri og hafa áhrif.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári í september eða október. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Starf vetrarins kynnt svo og skólanámskrá leikskólans, foreldrahandbókin og aðrar áætlanir í starfsemi leikskólans. Í vetur verða sendir reglulegir upplýsingapóstar um starfið og áætlanir í starfsemi leikskólans.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal tvisvar á ári og oftar ef þurfa þykir, þar sem farið er yfir stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Í foreldrasamtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

Foreldrafélög

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólann, eitt fyrir hvora deild. Verkefni foreldrafélaganna eru margvísleg og styðja við starfið í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Foreldrafélögin standa fyrir ýmsum uppákomum. Stjórnir foreldrafélaga eru kosnar á aðalfundum foreldrafélaganna á hverju hausti og skipa þrjú foreldrar stjórnina, sjá [hér](#).

Mat foreldra

Foreldrum gefst kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans í könnun sem lögð er fyrir annað hvert ár. Niðurstöður gefa starfsfólki leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar á heimasíðu leikskólans í árlegri sjálfsmatsskýrslu, sjá [hér](#).

Sérstök verkefni

Leikskólinn vinnur sérstaklega að tveimur verkefnum.

Heilsueflandi leikskóli

Við erum *Heilsueflandi leikskóli*. Heilsueflandi leikskóla þarf að takast á við ýmis verkefni s.s. mataræði, hreyfingu, andlega vellíðan og fleira. Á þessu leikskólaári verður lögð áhersla á hreyfingu og eftir áramót vinnum við með tannheilsu.

Vinátta

Árið 2017 var keypt námsefni hjá Barnaheill sem heitir *Vinátta* og er forvarnarverkefni gegn einelti. Verkefnið var þróað og mótað af *Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children* í Danmörku og nefnist á dönsku *Fri for mobberi*. Verkefnið var tekið í notkun í Danmörku árið 2007 og sýna kannanir að einelti í leikskólum sem nota efnið hefur minnkað til muna. Forvarnaverkefnið byggir á að því að eineltið sé á ábyrgð hinna fullorðnu sem umgangast börn daglega og hafa tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti og ber í raun skylda til þess. Verkefnið byggir á eftirfarandi fjórum grunngildum; umburðarlyndi, virðing, umhyggju og hugrekki eins og sagt var um í kafla 7.10. Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi og þau verði samofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsfólk leikskólans.

Innra mat – Hversu góður er leikskólinn okkar

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsfólki og foreldrum leikskólans en ytra mat af sveitarfélaginu eða Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsfólks leikskólanna í Skagafirði. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku alls starfsfólks í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Gulur litur táknar gæðagreina sem Tröllaborg hefur gert til að meta áhersluþætti í starfinu og er stefnt á að búa til gæðagreini um fagmennsku starfsfólks. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar, sjá [hér](#).

Áætlun um sjálfsmat 2025-2028

Skólaár	2025-2026	2026-2027	2027-2028
haustönn	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna
	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat
	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi

	gg. 4.2 Þátttaka starfsmanna í starfi	gg. 4.1 Mötuneyti	
vorönn	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi
	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
		gg. 4.3 Samverustund	gg. 4.4 Tónlist
		gg. 4.5 Málörvun	gg. 4.6 Hópastarf
	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl
Febrúar		Foreldrakönnun Skólapúlsins	
Mars	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Annan hvern mán.	HR Monitor	HR Monitor	HR Monitor

Skýrslur birtar

Október	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
Nóvember	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun

Kannanir – Skólapúlsinn

Allir leikskólar í Skagafirði eru þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði, þegar könnun er lögð fyrir foreldra. Tröllaborg er eini leikskólinn í Skagafirði sem leggur fyrir Skólapúlsinn fyrir starfsfólk. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsfólks í leikskólum við aðra leikskóla landsins í

gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá [hér](#).

Ýmsar áætlanir

Í leikskólanum Tröllaborg eru gerðar ýmsar öryggisáætlanir s.s. vegna flensufaraldurs, eineltis, jafnréttis, óveðurs og mengunar. Allar þessar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Tröllaborgar.

- Áfallaáætlun, sjá [hér](#)
- Áætlun vegna mengunar, sjá [hér](#)
- Eineltisáætlun, sjá [hér](#)
- Jafnréttisáætlun, sjá [hér](#)
- Móttaka nýbúa, sjá [hér](#)
- Óveðursáætlun, sjá [hér](#)
- Viðbragsáætlun vegna innflúensufaraldurs, sjá [hér](#)
- Rýmingaráætlanir: [Hofsós](#), [Hólar](#)

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Umsögn foreldraráðs

Við þökkum fyrir greinargóða, vel unna áætlun og við tókum eftir breytingu. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá aukna áherslu á mikilvægi leiksins, þar sem börn læra að stórum hluta í gegnum leik, sem og uppbyggingu sjálfstrausts. Ljóst er að lögð er áhersla á marga mikilvæga þætti í námi og þroska barna.

Skapandi starf og útikennsla eru jákvæðir þættir sem gaman væri að fá meiri innsýn í, til dæmis í gegnum reglulega upplýsingapósta eða annað miðlunarefni, s.s. töfluna í forstofunni. Við erum meðvituð um dagskipulag sem er á heimasíðu skólans og vikulegu póstana frá deildarstjórum, en það væri gaman að heyra ítarlegar frá deginum því allir dagar eru mismunandi og upp koma allskonar óvæntir leikir, fræðslur, hugdettur og fleira. Það væri ánægjulegt að fá oftar myndir úr starfinu, þar sem þær gefa foreldrum betri

innsýn í daglegt líf barna sinna í leikskólanum sem er partur af foreldrasamstarfinu.

Við teljum mikilvægt að tryggja gott upplýsingaflæði til foreldra, í samræmi við áherslur um samstarf heimilis og skóla. Einnig væri jákvætt að auka flæði fræðsluefnis milli deilda.

Áhersla á lestur og undirbúning fyrir læsi er mjög góð. Vináttuverkefnið er mjög jákvætt og mikilvæg forvörn gegn einelti, þar mætti þó auka enn frekar fræðslu um fjölbreytileika, svo sem ólíkan menningarbakgrunn, húðlit og samfélagslega stöðu, til að efla skilning og virðingu barna fyrir margbreytileikanum í samfélaginu. Þar er t.d. verkefnið „Jól í skókassa“ mjög flott verkefni.

Í starfsáætlun kemur fram að unnið sé að innleiðingu nýrrar agastefnu, sem er mjög jákvætt. Þar sem sambærilegt kom einnig fram á síðasta ári væri þó æskilegt að fá skýrari upplýsingar um framvindu þessarar vinnu og hvenær megi vænta innleiðingar.

SMT-stefnan hefur án efa nýst vel að ákveðnu leyti, en á sama tíma mætti skoða hvort ný stefna styðji betur við nútímalegar áherslur. Þar má nefna t.d. aukna áherslu á tilfinningagreind, sjálfstæði, samskiptafærni og hæfni barna til að takast á við aðstæður og læra af reynslu sinni.

Þeir þættir sem kynntir eru sem hluti af SMT virðast að mörgu leyti almennir og finnast í fleiri uppeldisstefnum, og því gæti verið tækifæri til að innleiða markvissri stefnu sem hefur skýrari fókus og meira vægi í daglegu starfi. Okkur finnst mikilvægt að sú stefna sem verður fyrir valinu verði sýnileg í framkvæmd og verði virkur hluti af skólastarfinu.

Jafnframt væri gagnlegt að foreldrar fengu fræðslu um þær stefnur sem koma til greina og gætu tekið á einhvern hátt þátt í ákvörðunartökunni. Það væri gott fyrir foreldrasamstarfið.

Það er ánægjulegt að sjá að verið er að skoða nýjar leiðir og mikilvægt að sú vinna verði framkvæmd á næstunni.

Í starfsáætluninni er skýr og flott símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sem undirstrikar áhersluna á faglegt starf og starfsþróun sem er mjög

ánægjulegt. Þó vonumst við eftir að „andleg vellíðan í starfi“ verði oftari en þriðja hvert ár þar sem það er mikil kulnun og uppgjöf á landinu í þessu starfi og viljum við að starfsmönnum líði sem best í vinnunni. Einnig myndi foreldraráð vilja sjá fræðslu um fósturbörn og fleiri algengar raskanir s.s. kvíða, ofvirkni, ADHD og almennt um athyglisbrest sem vex mjög hratt í nútímasamfélagi.

Í heildina erum við ánægð með starfið og setjum þessar ábendingar fram til að styðja við áframhaldandi þróun leikskólans.

Virðingarfyllst, Foreldraráð Tröllaborgar;

Sara Katrín Sandholt og Agnes Rut Kristjánsdóttir



Leikskólinn Tröllaborg

Starfsáætlun Tröllaborgar 2022-2023